

BORGARRÁÐ 10. júní 2021: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um danstengt nám í leik- og grunnskólum í Breiðholti - R20110242

Lagt er til að við undirbúning og þarfagreiningu fyrir Dans- og fimleikahús í Efra Breiðholti verði teknar upp viðræður við skóla- og frístundasvið um að leik- og grunnskólar í hverfinu bjóði upp á danstengt nám sem og valáfanga í dansi á unglingastig sem myndi auka fjölbreytini á grunnskólastiginu. Það myndi auk þess skapa samfellu í námi á þessu sviði þar sem fyrirhugað er að taka upp viðræður við Fjölbreytaskólann í Breiðholti um danstengt nám.